

Íþróttakennara- og íþróttافرæðinám á Laugarvatni fyrr og nú

ÚR SÖGU ÍÞRÓTTAKENNARANÁMS Á ÍSLANDI

Íþróttakennaranám á Íslandi stendur á gömlum merg. Björn Jakobsson stofnaði íþróttaskóla árið 1932 í tengslum við Héraðsskólann á Laugarvatni þar sem hann var kennari (Anna Lilja Sigurðardóttir og Óli Barðdal, 2001). Þessi skóli Björns var einkaskóli en í kjölfar íþróttalaga sem sett voru 1940 (Íþróttalög nr. 25/1940) varð hann svo að Íþróttakennaraskóla Íslands í upphafi árs 1943 og Björn fyrsti skólastjórinn (Ingimar Jónsson, 2000). Skólanum skyldi skipt í deildir, önnur deildin skyldi vera fyrir íþróttakennara sem einir hefðu rétt til að starfa við ríkisskólana en hin fyrir áhugamenn í íþróttum og væntanlega íþróttaleiðtoga (Lög um Íþróttakennaraskóla Íslands nr. 12/1942). Á þessum tíma var íþróttakennaranám níu mánuðir (einn vetur) og að því loknu höfðu íþróttakennarar réttindi til að kenna íþróttir á öllum skólastigum. Ljóst var að á níu mánuðum þurfti að koma miklum fróðleik í nemendur því námsgreinarnar voru: Íslenska, íslenskar bókmenntir, líkamsfræði, kennslufræði, efnafræði, hjálp í viðlögum, uppeldisfræði, sálarfræði, hreinlæti, framkoma, kurteisisreglur, bindindisfræði, gerð íþróttamannvirkja, leikreglur, íþróttareglur, íþróttalíf og íþróttasamkeppni, leikfimi, sund, glíma, skíða- og skautafimi, róður, sigling, knattleikir, frjálsíþróttir og leikir (Ingimar Jónsson, 2000). Reyndar taldi íþróttahreyfingin farsælla að hafa námstímann fyrir íþróttakennarana tvö ár og einhverjar deildir stóðu um staðarvalið (Laugarvatn eða Reykjavík) á Alþingi en Laugarvatn varð á endanum ofan á (Ingimar Jónsson, 2000). Mun þar vilji Jónasar Jónssonar frá Hríflu hafa ráðið miklu, svo og það að Íþróttaskóli Björns Jakobssonar var þegar staðsettur á Laugarvatni og hefð því komin fyrir því að hafa námið þar. Síðan þá hefur með reglulegu millibili sprottið upp umræða um staðarval skólans (Emil Örn Kristjánsson og Rósa Þórisdóttir, 1981) enda ekki skrytið þar sem vel fram yfir aldamótin var Laugarvatn eini staðurinn þar sem hægt var að stunda íþróttakennaranám á Íslandi.

Þó að lögum um Íþróttkennaraskóla Íslands hafi kveðið á um tvær deildir (Lög um Íþróttakennaraskóla Íslands nr. 12/1942) verður ekki séð að leiðbeinendadeildin fyrir áhugamenn í íþróttum og íþróttaleiðtogana hafi verið starfrækt. Skólinn virðist

fyrst og fremst hafa menntað ípróttakennara og starfið verið í nokkuð föstum og hefðbundnum skorðum. Árni Guðmundsson tekur við af Birni Jakobssyni sem skólalastjóri árið 1956 (Anna Lilja Sigurðardóttir og Óli Barðdal, 2001) en þrátt fyrir fjölda námsgreina og hugmyndir ípróttahreyfingarinnar um tveggja vetra nám (Ingimar Jónsson, 2000) lengdist námið ekki fyrr en árið 1972 (Guðrún H. Eiríksdóttir, 1996). Þá varð ípróttakennaranám að tveggja ára námi (tveir vetur) og skyldu nemendur starfa við ípróttakennslu í a.m.k. 70 klst. sumarið á milli námsvetrana (Emil Örn Kristjánsson og Rósa Þórisdóttir, 1981). Námsefni skólans jókst við þessa lengingu og skiptist í þrennt: Kjarna (sameiginlegt námsefni allra nemenda), kjörsvið (námsefni, greinar og greinaflokkar valdir af nemendum) og valgreinar (allt annað námsefni nemenda) (Lög um Ípróttakennaraskóla Íslands nr. 65/1972). Einnig var tekin upp sú nýbreytni, sem ekki lagðist af fyrr en skólinn sameinaðist Kennaraháskóla Íslands, að nemendur og kennarar Ípróttakennaraskólans sáu um alla ípróttakennslu við aðra skóla á Laugarvatni (Emil Örn Kristjánsson og Rósa Þórisdóttir, 1981). Árið 1974 útskrifuðust síðan fyrstu ípróttakennararnir eftir þessa lengingu námsins (Guðrún H. Eiríksdóttir, 1996) en á þessum árum voru nýir nemendur teknir inn í skólann annað hvert ár. Það breyttist ekki fyrr en árið 1987, en þá var farið að innrita nemendur árlega.

ÍPRÓTTAKENNARANÁMIÐ Á LAUGARVATNI SEM HÁSKÓLANÁM

Árið 1997 tók Erlingur Jóhannsson við sem skólalastjóri Ípróttakennaraskólans og strax í janúar árið eftir sameinaðist skólinn Kennaraháskóla Íslands (Þórir Ólafsson, 1999). Hugmyndir um sameiningu eða samvinnu þessara skóla höfðu reyndar komið fram löngu áður og einnig áhugi á því að Ípróttakennaraskólinn færðist upp á háskólastig (Emil Örn Kristjánsson og Rósa Þórisdóttir, 1981). Ípróttakennaraskóli Íslands breyttist því í námsbraut í ípróttufræði (og síðar ípróttá- og heilsufræði) innan Kennaraháskólans (Lög um Kennaraháskóla Íslands nr. 137/1997). Þar með var ípróttakennaranám komið á háskólastig eins og allt annað kennaranám á Íslandi og orðið þriggja ára nám til bakkalágráðu. Samfara þessari lengingu námsins og uppfærslu á háskólastig var námið endurskipulagt með tilliti til breytinga á skólakerfinu, breyttra lífnaðarháttá og hlutverks ípróttá og líkamsræktar (Erlingur Jóhannsson, 1999). Hið nýja nám byggðist á 120 einingum í ípróttufræðum og ípróttagreinum og 60 einingum í uppeldis- og kennslufræðum. Fyrstu tvö árin voru skipulögð með tilliti til ípróttakennslu í grunnskólum og þriðja árið undirbjó nemendur meðal annars fyrir kennslu í framhaldsskólum. Á þriðja árinu gátu nemendur líka valið um þjálfunarsvið annars vegar og tómstunda- og félagsmálasvið hins vegar (Erlingur Jóhannsson, 1999). Einnig urðu með samruna Ípróttakennaraskólans og Kennaraháskólans þær breytingar að útskrifaðir nemendur gátu jafnframt kallað sig ípróttufræðinga en fram að því kölluðust útskrifaðir nemendur einungis ípróttakennarar. Fyrstu ípróttufræðingarnir, lærðir á Íslandi, sem jafnframt voru ípróttakennarar útskrifuðust 2001 og höfðu eftir sem áður kennsluréttindi í bæði grunn- og framhaldsskólum.

Fljótlega eftir aldamótin 2000 fór að bera á þeirri umræðu að þó að íþróttfræði og íþróttakennsla væru óneitanlega skyldar fræðigreinar ætti hugsanlega ekki að spyrða þær saman í einni og sömu gráðunni. Sumir voru á þeirri skoðun að með því að skipta þessu upp í tvær gráður væri hægt að veita meiri sérhæfingu, bæði í íþróttfræði og íþróttakennslu. Þessar hugmyndir voru af svipuðum toga og komu fram þegar Íþróttakennaraskóli Íslands var stofnaður (Lög um Íþróttakennaraskóla Íslands nr. 12/1942) og mótuðust án efa af þeim þjálfaranámsvísi sem finna mátti á þjálfunarsviðsvalinu í hinu nýja háskólanámi (Erlingur Jóhannsson, 1999). Það varð þó ofan á að halda áfram að veita öllum útskrifuðum nemendum gráðu í íþrótt- og heilsufræði en hins vegar gætu þeir einir sótt um kennararéttindi í grunn- og framhaldsskóla sem hefðu lokið tilskyldum áföngum í uppeldis- og kennslufræði. Þeir íþróttfræðingar sem útskrifuðust á árunum 2009–2011 (innritun 2006–2008) með þá menntun að geta sótt um kennararéttindi hlutu því B.Ed.-gráðu í íþrótt- og heilsufræði en hinir BSgráðu, til þess að aðgreina hópana (Kennaraháskóli Íslands, 2006).

LAGABREYTINGAR 2008 OG SKIPULAGSBREYTINGAR NÁMS

Um það leyti sem Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands sameinuðust árið 2008 voru sett lög á Alþingi (Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008) sem tóku svo að fullu gildi 1. júlí 2011. Með þeim lögum var allt kennaranám á Íslandi lengt í fimm ár, þar með talið íþróttakennaranám. Einnig kvað reglugerð nr. 872/2009 á um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara en þar kom meðal annars fram að til þess að hljóta kennararéttindi þyrfti meistarapróf (Reglugerð um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara nr. 872/2009). Einnig var skilyrt í reglugerðinni að grunnskólakennarar skyldu hafa að lágmarki 120 staðlaðar námseiningar í uppeldis- og kennslufræði og 120 staðlaðar námseiningar í aðalkennslugrein (faggrein). Enn fremur að framhaldsskólakennarar skyldu hafa 60 uppeldis- og kennslufræðieiningar og 180 fageiningar.

Þegar fyrir lá að menntun grunnskólakennara yrði lengd í fimm ár skipaði námsbraut í íþrótt- og heilsufræði fimm manna nefnd til þess að vinna að breyttu námsskipulagi í íþrótt- og heilsufræði. Með lengingu námsins sá nefndin tækifæri til að auka vægi almennrar kennslufræði í náminu og að auka vettvangsnám við brautina. Við vinnu námsskipulagsins hafði nefndin enn fremur í huga þá þrjá geira sem íþrótt- og heilsufræðingar og íþróttakennarar starfa við, þ.e. hið opinbera (grunn- og framhaldsskóla), hið frjálsa samfélag (íþróttahreyfinguna) og hinn frjálsa markað (líkams- og heilsuræktarstöðvar). Haft var nokkurt samráð við aðila frá þessum þremur geirum til þess að fá frekari vitneskju um þarfir þeirra. Nefndin skilaði álit í desember 2010 og var námsskipulagið samþykkt á deildarfundi í janúar 2011.

Námsskipulagið byggist á tveimur kjörsviðum í BS-námi, kennarakjörsviði og þjálfarakjörsviði (Háskóli Íslands, 2011). Kennarakjörsvið er einkum hugsað fyrir þá sem ætla sér að verða kennarar í grunn- og framhaldsskóla. Þeirra bíður fimm ára M.Ed.-nám. Þjálfarakjörsvið er einkum hugsað fyrir þá sem vilja hætta eftir þrjú ár

og einbeita sér að íþrótt- og heilsuþjálfun og þá sem vilja halda áfram í MS-nám. Þeir sem ljúka MS-námi geta einnig sótt um leyfisbréf til kennslu í framhaldsskólum sé samsetning náms þeirra með þeim hætti að það uppfylli skilyrði um 60 staðlaðar uppeldis- og kennslufræðieiningar (Háskóli Íslands, 2011). Það má því segja að með þessum tveimur kjörsviðum sé loksins kominn vísir að þeirri skiptingu námsins í kennaranám og þjálfara- og leiðtoganám sem kveðið var á um í lögum um Íþróttakennaraskóla Íslands frá 1942 (Lög um Íþróttakennaraskóla Íslands nr. 12/1942).

Bæði kjörsviðin byggja á sameiginlegum 130 eininga kjarna (Háskóli Íslands, 2011). Í kjarnanum eru 50 uppeldis- og kennslufræðieiningar og 80 fageiningar. Nemendur á kennarakjörsviði taka svo 30 uppeldis- og kennslueiningar til viðbótar í skyldufögum og 20 fageiningar í vali. Nemendur á þjálfarakjörsviði taka 25 þjálfunartengdar fageiningar til viðbótar í skyldufögum og 25 fageiningar í vali (Háskóli Íslands, 2011).

Að BS-námi loknu gerir námsskipulagið ráð fyrir að nemendur á kennarakjörsviði fari í M.Ed.-nám og að nemendur á þjálfarakjörsviði fari í MS-nám hafi þeir uppfyllt skilyrði um námsárangur. Námið er hins vegar ekki sett upp sem fimm ára nám heldur sem þriggja ára BS-nám og tveggja ára meistaranám bætist þar ofan á. Nemendur geta því hætt eftir BS-námið ef þeir vilja og farið út á vinnumarkaðinn eða í nám á öðrum námsbrautum HÍ eða í öðrum háskólum. Í Kennsluskrá Háskóla Íslands kemur fram að nemendur í M.Ed.-námi taka 90 einingar í námskeiðum (þar af 40 uppeldis- og kennslufræðieiningar) og skila 30 eininga M.Ed.-ritgerð. Nemendur í MS-námi þreyta 60 einingar í námskeiðum og skila 60 eininga MS-ritgerð. Ætli MS-nemendur sér að geta sótt um leyfisbréf til kennslu í framhaldsskóla verða þeir að taka tíu uppeldis- og kennslufræðieiningar sem hluta af námi sínu (Háskóli Íslands, 2011).

Eins og greint var frá hér að framan færðist íþróttakennaranám upp á háskólastig árið 1998 (fyrsta útskrift 2001). Allir íþróttakennarar sem höfðu útskrifast á Íslandi til og með ársins 1999 voru því einungis með íþróttakennarapróf en ekki bakkalárgráðu. Til að mæta þörfum þessara nemenda var árið 2001 í fyrsta sinn í boði námsleið fyrir fólk með „gamalt“ (fyrir árið 2000) íþróttakennarapróf, svokallað viðbótarnám til BS-gráðu (Kennaraháskóli Íslands, 2001). Um er að ræða 60 eininga nám á grunnstigi og íþróttakennaraprófið er svo metið til 120 eininga (Háskóli Íslands, 2011).

Einnig er rétt að geta 30 eininga viðbótardiplómu í heilbrigði og heilsuuppeldi á meistarastigi sem hóf göngu sína haustið 2012 (Háskóli Íslands, 2012). Námið er hlutanám í eitt ár, 15 einingar á hvorri önn, og allir sem hafa lokið bakkalárgráðu geta farið í þetta nám (Háskóli Íslands, 2012). Viðbótardiplóman er einkum hugsuð fyrir þá sem starfa við kennslu í leik-, grunn- eða framhaldsskólum, við þjálfun, við endurhæfingu, að forvörnum eða við önnur störf á sviði heilbrigðis- eða menntamála og vilja dýpka þekkingu sína á þessu sviði (Háskóli Íslands, 2012). Hafi nemendur svo áhuga á frekara meistaranámi í íþrótt- og heilsufræði geta þeir fengið diplómuna metna inn í meistaranámið. Jafnframt geta nemendur sem ná ekki fyrstu einkunn úr grunnnámi og komast því ekki í MS- eða M.Ed.-nám tekið þessa diplómu og nái þeir fyrstu einkunn í fögum hennar eru þeir gjaldgengir í meistaranám í íþrótt- og heilsufræði.

LOKAORÐ

Af fantöldu má sjá að margt hefur breyst í íþróttakennaranáminu frá því að það var eins vetrar nám með tveimur nemendum. Sennilega hafa örustu breytingarnar orðið á síðastliðnum fimmtán árum þegar námið færðist á háskólastig og Íþróttakennarskóli Íslands sameinaðist Kennaraháskóla Íslands og svo Háskóla Íslands. Nú er íþróttakennaranám orðið fimm ár og innan HÍ eru um 170 nemendur í námi í íþrótt- og heilsufræði. Nú dugur heldur ekki minna en meistaragráða til að hljóta nafnbótina íþróttakennari þó svo að enn séu útskrifaðir íþróttufræðingar eftir þrjú ár. Vonandi hafa þessar breytingar í gegnum árin orðið til góðs. Í það minnsta hafa fræðilegar áherslur í náminu aukist þó að einhverju leyti sé það á kostnað hinna praktísku, sem kemur til af hagræðingarkröfum gegnum tíðina.

HEIMILDIR

- Anna Lilja Sigurðardóttir og Óli Barðdal. (2001). Aðbúnaður nemenda að Laugarvatni frá 1932–2001. *Íþróttamál*, 25(1), 25–26.
- Emil Örn Kristjánsson og Rósa Þórisdóttir. (1981). *Saga Íþróttakennarskóla Íslands að Laugarvatni*. B.Ed.-verkefni: Kennaraháskóli Íslands.
- Erlingur Jóhannsson. (1999). Nýjar áherslur í íþróttufræðimenntun. *Íþróttaskor: Blað útskriftarnema KHÍ á Laugarvatni*, 1, 8–9.
- Guðrún H. Eiríksdóttir. (1996). Minningarbrot 1972–1974. *Íþróttamál*, 21(1), 28.
- Háskóli Íslands. (2011). *Kennsluskrá 2011–2012: Íþrótt- og heilsufræði*. Sótt 5. september 2012 af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=23463&kennsluar=2011>
- Háskóli Íslands. (2012). *Kennsluskrá 2012–2013: Íþrótt- og heilsufræði*. Sótt 5. september 2012 af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=25573&kennsluar=2012>
- Ingimar Jónsson. (2000). Upphaf Íþróttakennarskóla Íslands. *Íþróttamál*, 24(2), 10–14 *Íþróttalög* nr. 25/1940.
- Kennaraháskóli Íslands. (2001). *Náms- og kennsluskrá háskólaárið 2001–2002*. Reykjavík: Höfundur.
- Kennaraháskóli Íslands. (2006). *Kennsluskrá Kennaraháskólans 2006–2007: Íþróttabraut*. Sótt 5. september 2012 af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/khi.php?tab=skoli&chapter=content&id=264&kennsluar=2005>
- Lög um Íþróttakennarskóla Íslands* nr. 12/1942.
- Lög um Íþróttakennarskóla Íslands* nr. 65/1972.
- Lög um Kennaraháskóla Íslands* nr. 137/1997.
- Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla* nr. 87/2008.
- Reglugerð um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara* nr. 872/2009.
- Þórir Ólafsson. (1999). Nýr Kennaraháskóli tekinn til starfa. *Íþróttaskor: Blað útskriftarnema KHÍ á Laugarvatni*, 1, 6.

UM HÖFUNDINN

Sigurbjörn Árni Arngrímsson (sarngrim@hi.is) er prófessor í íþróttfræði við Íþróttfræðasetur Háskóla Íslands á Laugarvatni. Hann lauk doktorsprófi í íþróttfræði árið 2001 frá University of Georgia með áherslu á áreynslulífeðlisfræði (þjálfunarlífeðlisfræði). Sérsvið hans í rannsóknum eru líkamssamsetning, áreynslulífeðlisfræði og börn. Sigurbjörn hefur tekið þátt í mörgum rannsóknarverkefnum sem varða heilsu og lífsstíl.